

Aðalfundur Félags kvenna í atvinnulífinu

Miðvikudaginn 10. júní 2020, klukkan 17:00.
Haldinn með notkun Zoom fjarfundarbúnaðar

FUNDARGERÐ

1. Fundur settur, val á fundarstjóra og fundarritara

Hulda Ragnheiður Árnadóttir formaður FKA bauð félagskonur velkomnar og setti fundinn klukkan 17:05. Hulda Ragnheiður stakk upp á Örnú Björk Gunnarsdóttur sem fundarstjóra og Viktori Ómarssyni sem fundarritara, bæði frá Fundarstjórn.is. Enginn hreyfði andmælum. Arna tók við stjórn fundarins og útskýrði fyrir fundarkonum að þau væru ekki félagar í FKA og hefðu engra hagsmuna að gæta um niðurstöðu fundarins. Þeirra hlutverk væri eingöngu að tryggja að fundurinn færi fram samkvæmt boðaðri dagskrá, lögum félagsins og almennum fundarsköpum.

Fundurinn var boðaður með lögbundnum hætti og sérstök heimild er í lögum félagsins fyrir því að halda aðalfund með rafrænum hætti. Fundarstjóri lýst fundinn lögmætan þar sem löglega var til hans boðað.

Lagt var til að fjórum dagskrárliðum yrði bætt við dagskrá fundarins, lið nr. 2 um tæknimál fundarins, lið nr. 3 um framboð til stjórnar, lið um tillögur að nýjum reglum sem kæmi á undan öðrum málum og lið með yfirferð fundargerðar beint á eftir öðrum málum. Enginn hreyfði andmælum og var dagskránni breytt til samræmis.

2. Tæknimál fundarins útskýrð

Fundarritari fór yfir tæknileg atriði og útskýrði helstu eiginleika Zoom fjarfundarbúnaðarins sem notaðir verða á fundinum.

3. Tilkynningar um framboð til stjórnar

Stjórn hefur undanfarnar vikur auglýst reglulega eftir framboðum til stjórnar og fyrir fundinn höfðu fimm framboð borist í þrjú laus sæti. Fundarstýra kannaði hvort fleiri félagskonur gæfu kost á sér til setu í stjórn áður en framboðslista yrði lokað og kjörseðlar sendir í vinnslu. Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir bauð sig fram á fundinum.

4. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári

Hulda Ragnheiður Árnadóttir formaður FKA flutti skýrslu stjórnar, sjá fylgiskjal 4.1.

5. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.

Ársreikningur FKA var birtur á heimasíðu félagsins og hlekk á hann dreift til félagskvenna í FKA blaðinu fyrir fundinn, sjá fskj. 5.1. Andrea Róbertsdóttir, framkvæmdastjóri FKA fór yfir ársreikninginn, engar spurningar komu frá fundarkonum.

Niðurstaða rekstrar ársins var jákvæð sem nam kr. 816.729,- og eigið fé í árslok var jákvætt að upphæð kr. 15.987.357,-. Eftir umræður og fyrirspurnir var ársreikningurinn samþykktur með öllum greiddum atkvæðum.

6. Skýrslur starfsnefnda

Hulda Ragnheiður flutti skýrslur starfsnefnda og deilda félagsins, sjá fylgiskjal 6.1. Á árinu störfuðu sex starfsnefndir og sex deildir í félaginu, þar af þrjár landshlutadeildir.

7. Lagabreytingar

Áslaug Gunnlaugsdóttir stjórnarkona FKA fór yfir tillögur stjórnar að breytingum á lögum félagsins. Óskað var eftir álit félagskvenna um lagabreytingarnar fyrir fundinn, engar ábendingar bárust til stjórnar.

Tillaga að breytingu á 7. grein laga FKA

Núverandi ákvæði 7. greinar laganna er svohljóðandi:

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.
4. Skýrslur starfsnefnda.
5. Lagabreytingar ef einhverjar.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara.
- 8. Kosning í starfsnefndir á vegum félagsins.**
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Önnur mál.

Lagt er til að ákvæði 7. greinar laganna verði svohljóðandi:

Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins og rekstur þess á liðnu starfsári.
3. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár kynntur og borinn upp til samþykktar.
4. Skýrslur starfsnefnda.
5. Lagabreytingar ef einhverjar.
6. Kosning stjórnar.
7. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara.
- 8. Kosning um tillögur stjórnar um skipan starfsnefnda á vegum félagsins.**
9. Ákvörðun félagsgjalds.
10. Önnur mál.

Fundarstýra opnaði fyrir umræður og að umræðum loknum var gengið til atkvæða. Tillagan var samþykkt með 22 atkvæðum gegn 2.

Tillaga að breytingu á 8. grein laga FKA

Núverandi ákvæði 8. greinar laganna er svohljóðandi:

Stjórn félagsins skal skipuð sjö konum kjörnum á aðalfundi til tveggja ára í senn.

Formann skal kjósa sérstaklega en aðrar stjórnarkonur skal kjósa í einu lagi og skipta þær með sér verkum.

Formaður stjórnar getur að hámarki gegnt formennsku í félaginu í tvö kjörtímabil í senn. Stjórnarkona getur að hámarki setið samfelt í stjórn félagsins í tvö kjörtímabil í senn.

Gangi stjórnarkona úr stjórn á fyrra ári kjörtímabilsins skal kjósa nýja stjórnarkonu í hennar stað á næsta aðalfundi til eins árs.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Starfsreglur stjórnar skulu teknar fyrir á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar og gerðar á þeim þær breytingar sem stjórnin ákveður. Stjórnarkonur skulu staðfesta þær starfsreglur sem stjórnin setur sér með undirritun sinni. Starfsreglur skulu birtar á heimasíðu FKA.

Lagt er til að ákvæði 8. greinar laganna verði svohljóðandi:

Stjórn félagsins **er kjörin á aðalfundi**. Stjórn skal skipuð sjö konum **og tveimur til vara**. **Hver stjórnarkona skal kjörin til tveggja ára í senn.**

Formann skal kjósa sérstaklega en aðrar stjórnarkonur skal kjósa í einu lagi og skipta þær með sér verkum.

Stjórnarkona getur að hámarki setið samfelt í stjórn félagsins í tvö kjörtímabil í senn. Sama regla gildir um formann félagsins sem getur lengst setið tvö kjörtímabil í senn í stjórn félagsins, hvort heldur sem stjórnarkona eða formaður.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar. Starfsreglur stjórnar skulu teknar fyrir á fyrsta stjórnarfundum nýrrar stjórnar og gerðar á þeim þær breytingar sem stjórnin ákveður. Stjórnarkonur skulu staðfesta þær starfsreglur sem stjórnin setur sér með undirritun sinni. Starfsreglur skulu birtar á heimasíðu FKA.

Fundarstýra opnaði fyrir umræður og að umræðum loknum var gengið til atkvæða. Tillagan var samþykkt með 24 atkvæðum gegn 1.

Að lokum var gengið til atkvæða um lög in í heild. Lög in með áorðnum breytingum voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

8. Kosning stjórnar

Fundarstýra útskýrði að á fundinum yrði kosið milli sex frambjóðenda um þrjú laus sæti í stjórn. Frambjóðendur kynntu framboð sín. Í framboði voru:

- Guðjónína Sæmundsdóttir, forstöðumaður Miðstöðvar símenntunar á Suðurnesjum.
- Margrét Jónsdóttir Njarðvík, núverandi stjórnarkona FKA, eigandi Mundo og rektor Háskólans á Bifröst.
- Rakel Lind Hauksdóttir, fjármála- og fjáröflunarstjóri, SOS Barnabörpin á Íslandi.
- Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir, framkvæmdastjóri og frumkvöðull – Tré lífsins
- Unnur Elva Arnardóttir, sölu- og viðskiptastjóri hjá Skeljungu.
- Vigdís Jóhannsdóttir, markaðsstjóri Stafræns Íslands.

Kjörnefnd skipuðu

- Formaður: Elfur Logadóttir, framkvæmdastjóri
- Inga Guðmundsdóttir, fjármálastjóri
- Helga R. Eyjólfsdóttir, öryggis- og gæðastjóri

Formaður kjörnefndar, Elfur Logadóttir, fór yfir fyrirkomulag kosninga til stjórnar og útskýrði rafræna framkvæmd hennar. Advania útvegar kosningakerfið sem styðst við notkun rafrænna skilríkja. Hlekk inn á kjörseðil var deilt með fundarkonum.

Greidd voru 36 atkvæði.

Guðjónína Sæmundsdóttir hlaut 7 atkvæði,
Margrét Jónsdóttir Njarðvík hlaut 26 atkvæði,
Sigríður Bylgja Sigurjónsdóttir hlaut 14 atkvæði,
Rakel Lind Hauksdóttir hlaut 16 atkvæði,
Unnur Elva Arnardóttir hlaut 16 atkvæði og
Vigdís Jóhannsdóttir hlaut 22 atkvæði.

Þar sem Rakel Lind og Unnur Elva fengu jafn mörg atkvæði þurfti að kasta hlutkesti til að ákvarða hvor fengi sæti í stjórninni. Elfur kastaði hlutkesti og var það Unnur Elva sem vann hlutkestið.

Þær Margrét Jónsdóttir, Vigdís Jóhannsdóttir og Unnur Elva Arnardóttir voru því réttkjörnar í stjórn FKA.

9. Kosning skoðunarmanns reikninga og eins til vara

Nanna G. Waage Marinósdóttir gaf kost á sér sem skoðunarmann reikninga og Ingibjörg Guðmundsdóttir til vara. Þær hlutu báðar kosningu með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða.

10. Kosning í starfsnefndir á vegum félagsins

Fundarstýra kynnti lista yfir þær konur sem buðu sig fram til starfa í nefndum félagsins, sjá fskj 10.1. Lagt var til að viðkomandi félagskonur yrðu kjörnar í nefndir samkvæmt þeim framboðslista. Nafn Elfu Bjarkar Björgvinsdóttur vantaði á framboðslistann en hún gaf kost á sér í golfnefnd. Fundarstýra ítrekaði að hennar framboð væri jafnframt hluti af kosningunni. Tillaga stjórnar var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum og nefndarkonur þar með allar kjörnar til starfa.

Stjórn lagði jafnframt til að eftirfarandi fulltrúar yrðu skipaðir í sérstaka starfsnefnd til undirbúnings félagsfundar um lagabreytingar fyrir aðalfund 2021:

- Áslaug Gunnlaugsdóttir
- Elfur Logadóttir
- Jónína Bjartmars

Fundarkonur kusu og voru Áslaug, Elfur og Jónína allar kjörnar með miklum meirihluta atkvæða.

11. Ákvörðun félagsgjalda

Fundarstýra kynnti tillögu stjórnar að óbreyttum félagsgjöldum, 25.300 kr. og opnaði fyrir umræður. Engin tók til máls og var tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

12. Breytingar á reglum

Tillögu stjórnar að nýjum reglum fyrir starfsnefndir félagsins var dreift fyrir fundinn, sjá fskj. 12.1. Áslaug Gunnlaugsdóttir kynnti tillöguna og fundarstýra opnaði fyrir umræður. Að umræðum loknum var gengið til atkvæða og voru nýjar reglur fyrir starfsnefndir FKA samþykktar með 24 atkvæðum gegn 2.

13. Önnur mál

Engin óskaði eftir að tjá sig undir liðnum önnur mál.

14. Fundargerð lesing og leiðrétt

Fundarritari deildi fundargerðinni með fundarkonum og fór yfir helstu atriði hennar. Engar athugasemdir voru gerðar og fundargerðin var samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

15. Fundi slitið

Hulda Ragnheiður, formaður þakkaði félagskonum fyrir góðan fund og sleit fundi klukkan 19:23.



Hulda Ragnheiður Árnadóttir, formaður



Viktor Ómarsson, fundarritari